

Húnaþing vestra
Bogi Kristinsson Magnusen
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstanga

Reykjavík, 4. júlí 2022
UST202207-017/B.S.
10.03

Efni: Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026. Laxárdalur. Námur.
Umsögn

Vísað er til erindis Húnaþings vestra dags. 1. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um eldri námur á Laxárdalsheiði og Innstrandarvegi sem opnaðar voru þegar núverandi vegur var lagður. Nú er verið að festa námurnar í sessi á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Um er að ræða námur D, E, F og G á Laxárdalsheiði og náman Laugaholt við Innstrandarveg.

Álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir í bréfi dags. 11. mars sl. þar sem kemur fram að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að frágangi á námun D, E, F og G eigi að taka mið af því að langur tími mun sennilega líða áður en farið verði aftur í þessar námur vegna síðri efnisgæða en í námunum við Innstrandarveg. Frágangur þar á einnig að vera vandaður þótt ætlunin sé að nýta þessar námur seinna við aðrar framkvæmdir á svæðinu.

Hér er um að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur